

Safnaðarbréf

á jólaföstu 2009



Fordæmi vitringanna

Þó jólagjafir með nútímasniði kannski hafi ekki tíðkast nema svo sem tveggja alda skeið hér á landi er jólaglaðningur með einhverju sniði mun eldri síður. Ævaforð mun til dæmis sú regla að húsbændur gerðu hjúum sínum gott í munni um jólin umfram það sem gerðist aðra daga. Allt þetta á rætur að rekja til þess er vitringarnir þrír frá Austurlöndum fylgdu jólastjórnunni til Betlehem og vottuðu nýfæddu jesúbarninu virðingu sína með gjöfum. „Og þeir opnuðu fjárhirslur sínar og færðu því gjafir, gull, reykelsi og myrru.“ – Dýrar voru þær gjafir á sínum tíma en verðmæti jólagjafa nútímans verður ekki mælt í krónum og aurum, heldur miklu fremur þeim hug sem fylgir þeim. Fullyrða má að enn er í gildi hið fornkveðna að sælla er að gefa en þigga: sá gleðst mest sem sér að gjöf hans er þegin með gleði.

Skreytingar í gördunum

Helgina 28.– 29. nóv mun Ingólfur í Mosraf ásamt sínu fólki setja upp ljósakrossa á leiði í kirkjugörðum Lágafellssóknar. Nýir njótendur mega hafa samband í síma 892 1133 eða í netfangið ingi@rafthjonusta.is.



Orðið hefur að samkomulagi að jólakúlur- og bjöllur með mynd af Lágafellskirkju verði til sölu í versluninni Álafossi, Álafossvegi 23. Falleg gjöf í smekklefum umbúðum og minnir á kirkjuna fallegu að Lágafelli.



Sr. Skírnir Garðarsson

„Pau stíga fram, stundum sem í minningu bernskunnar jóla, þegar hátíð var í bæ.“

Hugvekjja

Spurningin um hvar jólin byrji er áleitin. Hún snertir við tilfinningu sérhvers einstaklings og vekur umhugsun; vonandi gleði, kannski einnig ugg. Hin ytri umgjörð jóla er mikilvæg en einnig innihaldið, boðskapurinn um fæðingu frelsarans. Gleymum því ekki.

Gleðileg jól.

Unadnfarnar vikur hafa dottið inn um bréfalúguna auglýsingabæklingar frá ýmsum fyrirtækjum sem auglýsa varning til jóla. Þar er meðal annars staðhæft að jólin byrji í nafngreindu fyrirtæki sem raunar selur margt fleira en það sem getur talist hefðbundinn jólavarnur.

Fréttir herma að aldrei hafi auglýsingar tengdar jólum farið fyrr af stað en að þessu sinni. Þetta tengist líklega þeirri núturlegu staðreynd að kaupmáttur íslendinga hefur minnkað og að baráttan um viðskiptavinina hafi harðnað.

Auglýsingabrellan sem áður er nefnd, nefnilega hvar jólin byrji, er ekki ný, aðeins í nýjum búning. Áður fyrr var fremur talað um jólaundirbúninginn; jólafastan átti sinn hefðbundna sess í hugum fólksins og á einhverjum tímamarki þurfti undirbúningur að hefjast. Fara þurfti í kaupstað þar sem þannig hagaði til, tryggja þurfti að menn og málleysingjar hefðu fæðu og klæði til jóla, og sjá þurfti fyrir að enginn færi í jólaköttinn.

Spurningin um hvar jólin byrji er áleitin. Hún snertir við tilfinningu sérhvers einstaklings og vekur umhugsun; vonandi gleði, en kannski einnig ugg. Hvar skal byrja, hvernig skal brugðist við? Hin ytri umgjörð jóla er mikilvæg en einnig innihaldið, boðskapurinn um fæðingu frelsarans. Gleymum því ekki.

Sögulega séð má segja að jólin hafi byrjað á þeirri stundu þegar Guð ákvað að Jesús skyldi fæðast í Betlehem. Sagnfræðingar tímasetja þetta þannig að Kýreneus hafi verið landstjóri á Sýrlandi. Aðrir nefna að Ágústus hafi boðað skrásetningu, enn aðrir segja að Betlehemsstjarnan hafi runnið upp og vísað veg.

Dýpst séð held ég að jólin blundi í hugskoti sérhverrar manneskju sem leitar samfélags við Drottinn. Þau vakna kannski af dvala á einhverjum tímamarki eða á einhverjum stað, háð ytri aðstæðum. Þau stíga fram, stundum sem í minningu bernskunnar jóla, þegar hátíð var í bæ.

Það er von mín og ósk að sérhvert mannsins barn megi taka undir með himneskum herskörungum í söng þeirra um frið og farsæld meðal þjóðanna.

Einnig vona ég að jólin verði vettvangur lofsöngs og þakklætis, fyrir allt það sem þegið hefur verið úr hendi Guðs á árinu 2009.

Við tölum stundum um jólastemningu, hún kemur vonandi í fyllingu tímans, og verður þér lesandi góður til blessunar á helgri hátíð. Ég sendi þér hugheilar óskir um frið og farsæld á helgum jólum og óska þér og þínum gleðilegra jóla.

Athygli og eftirtekt eru eiginleikar sem okkur eru lagðir í brjóst, svokallaðar Guðs gjafir. Ég hvet þig til að nota gjafirnar til að skynja og taka þátt í helgi jóla. Eftirfarandi línur færði ég til leturs fyrir nokkrum árum og læt vera kveðju til safnaðarins í Mosfellsbæ að þessu sinni.

Sérðu þá stjörnu sem tindrar,
sú breytir nóttu í dag.
Heyrirðu klukkurnar kalla,
heyrirðu englalag.

Sérðu hinn nýfædda Jesúm,
sérðu að Guð er til?
Heyrirðu kliðinn frá kindum?
Hér eru tímaskil.

Líttu í jötuna lágu,
Líttu í eigið skaut,
Guð vill þér eilífa gefa,
Gleði á himinbraut.

Sr. Skírnir Garðarsson

„Timburleiðin“ gengin



Við Langatanga, á þeim slóðum sem norska skipið lagði að 1888. Sigurður Hreiðar reynir að gera grein fyrir þeim stórfelldu breytingum sem þarna hafa orðið af mannavöldum á síðari árum.

Í tilefni af 120 ára afmæli Lágafellskirkju á árinu var efnt til göngumessu 30 ágúst s.l. Valin var leið sem áþekktast þeirri er viðir Lágafellskirkju voru fluttir frá sjó árið sem kirkjan var reist, 1888.

Timbrið í kirkjuna kom með norsku skipi inn á Leirvog, fyrir utan Langatanga, 28. ágúst árið 1888, og flutt að kirkjustæðinu dagana þar á eftir. Leigður var hestvagn í 10 daga til verksins, en að auki komu menn og hestar að verkinu.

121 ári síðar, eða 30. ágúst á því herrans ári 2009, var vaskur hópur mættur til þáttöku í göngumessu. Áætlað hafði verið að ganga sem næst þá leið sem ætla má að timbrið hafi verið flutt, en stansa á 3 – 4 stöðum og nýta áningarstaðina til ritningarlestra og fyrirbæna. Undirbúningur göngumessunnar leiddi hins vegar tvennt í ljós:

Í fyrsta lagi er leiðin nokkuð löng sakir þess að sveigja þarf framhjá mannvirkjum sem risið hafa í rás tímans. Þannig hefur vegalengdin nær tvöfaldast, samanborið við ef ganga mætti beint af augum.

Í öðru lagi voru nokkuð hvassir vindar í veðurkortunum, og auðséð að ekki yrði ráðlegt að taka þátt nema heilsa og líkamlegt þol væru í lagi. Spáin fór þó reyndar ekki eftir og veðrið var hið fegursta og engum til trafala. Ef til vill hefur hún þó fælt einhverja frá sem ella hefðu komið með.

15 manns mættu til þáttöku og seinna komu einhverjir til liðs, Samtals tóku ca. 20 manns þátt að hluta til eða að öllu leyti. Ekið var niður að

Langatanga; þar hófst göngumessan með erindi Sigurðar Hreiðars um aðstæður við voginn, svo og um leiðina sem slíka, eins og hún upprunalega var.

Gengið var upp Súluhöfða og Arnarhöfða og staðnæmst við skólann. Þar las sr. Skírnir ritningarlestur. Fram var haldið upp Lækjarhlíð og framhjá Hulduhólum. Ekki var talið ráðlegt að fara þvert yfir Vesturlandsveginn og því gengið suður Skálahlíð, staðnæmst skammt frá Skálatúni sem reist var á tóftum Lækjarkots og lesið úr ritningunni. Síðan var gengið undir Vesturlandsveg og meðfram honum austanverðum upp á Lágafellsklif. Þar var guðspjallið lesið í morgunblænum. Ferðinni lauk í kirkjunni á Lágafelli. Þar var sunginn sálmur og lýst blessun. Þannig lauk þessum samfundi.

Lágafell er talið eitt fegursta kirkjustæði suðvestanlands og þó víðar væri leitað. Nafnið gæti þýtt: Fellið við lágirnar, en orðið „lág“ þýðir mýrarsund. Kirkjan að Lágafelli er eins og fram hefur komið að stofni til elsta hús bæjarfélagsins, og hafa viðir þeir er hér var gengið til minningar

um staðið sína plikt í þjónustu við helgihald Mosfellinga gegnum tíðina.

Mun svo vonandi verða enn um ókomin ár. Þó ný kirkja risi og menningarhús nær þéttbýlinu mun helgidómurinn að Lágafelli enn um langan aldur þjóna sínu hlutverki sem friðar- og helgireitur, fólkinu til Guðsblessunar.

Áætlað er að endurtaka göngumessuna um „Timburleiðina“ einhvern tíma við tækifæri. Vel færi á að gera það til dæmis á 125 ára tímamótunum, í ágústlok árið 2013.

Þess má að lokum geta að nafnið „timburleiðin“ er alveg nýtt, enda stutt síðan heimildir um hana fundust. Lengst af var leið þessu kölluð „kirkjuleiðin“ enda sú leið sem Kjalnesingar fóru gjarnan til kirkju fyrir daga bílsins á Íslandi. Vert er að minnast þess að Kjalnesingar innan Kleifa – þ.e. austan Kollafjarðarbotns – eiga enn í dag kirkjusókn að Lágafelli. Á upphafsárum Lágafellskirkju var hentugast fyrir þá og styst að fara yfir Leirvog á útföllnu enda útfiri þar mikið.



Staldráð við í morgunblíðunni á móts við Skálatún og sr. Skírnir les úr ritningunni. Á þessum slóðum stóð áður bærinn Lækjarkot. Myndir: ÁG





störf til að leita í. Í mörg ár starfaði hann hjá Síldarútvegsnefnd sem hleðslustjóri. Á þeim tíma þeim var ég oft ein með börnin. Þegar þriðji og yngsti drengurinn minn var þriggja ára ákvað ég að fara í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð. Ætlunin var aldrei að klára stúdentspróf, aðeins að skerpa á tungumálum og kíkja á önnur áhugaverð fög. Það endaði samt sem áður þannig að sex árum seinna lauk ég þaðan stúdentsprófi.

Þegar svo var komið langaði mig óneitanlega áfram í háskólann. Ég var ákveðin í að fara ekki í hjúkr-

Einu sinni í viku sest Fjöla inn í setustofu á Hlaðhömrum og á notalega stund með gestum og gangandi. Þangað koma gamlir kunningjar eins og Klara Klængsdóttir, Viggó Valdimarsson, Hrefna Valdemarsdóttir og Þorlákur Ásgeirsson.



Það vantar fleiri sjálfboðaliða

Í árrbyrjun 2008 kom Fjöla Haraldsdóttir djákni til starfa við söfnuð Lágafellssóknar og tók þar við af Þórdísi Ásgeirsdóttur. Fjöla hefur ekki hátt um sig og sín störf og því mál til komið eftir tvö ár að kynna hana og verkefni hennar innan safnaðarins.

Hver er Fjöla Haraldsdóttir?

„Ég er fædd í Reykjavík, uppalin í Vogunum, yngst fjögurra systkina. Þegar ég hafði lokið gagnfræðaprófi frá Vogaskóla voru erfiðleikar heima hjá mér, pabbi hafði slasast mikið. Það var ekkert í boði annað en fara að vinna og ég byrjaði að vinna á Landspítalanum. Síðan lá leið mín í nokkra mánuði til Danmerkur og Þýskalands. Efir það bauðst mér að læra til sjúkraliða. Ég byrjaði í því námi 1973, daginn sem byrjaði að gjósa í Eyjum. Náminu lauk ég ári seinna á Landspítalanum, því á þessum tíma fór námið fram á spítölunum sjálfum. Síðan vann ég áfram sem sjúkraliði, einkum á Landspítalanum, en mig langaði að læra meira. Ég fór í Lyfjateknaskólann 1977, lauk honum þremur árum seinna og vann sem lyfjateknir í Ingólfsapóteki og síðar í Mosfellsapóteki.

Maðurinn minn er Ólafur Pálsson garðyrkjufraeðingur. Garðyrkjan hefur alltaf verið hans aðalstarf. En garðyrkjustörfin tilheyra björtustu mánuðum ársins, þannig á vetrum hefur hann haft önnur

unarnám þó það hefði kannski legið beint við, ég var orðin þreytt á vöktum. Ég vissi samt að starfið sem ég vildi taka mér fyrir hendur væri frekar að vinna með fólki en dauðum hlutum, þá á ég við bókhald og þess háttar. Fljótlega urðu það félagsfræði og guðfræði sem ég horfði mest til.

Um þetta leyti var djáknafræðin að koma til sögunnar. Mér fannst hún mjög heillandi og það varð úr að ég sneri mér að því námi. Ég hef oft verið spurð af hverju ég hafi ekki farið í prestinn. Svárið er að þau störf sem prestarnir leggja mesta áherslu á var ekki það sem mig langaði að starfa við. Ég vildi heldur vera nær fólkinu og halda í hendur þess.

Eftir að ég lauk djáknanámi fór ég að vinna sem sjúkraliði á líknardeildinni í Kópavogi. Ég vann þar í sex ár og ef eitthvað er styrktist ég þar enn betur í trúnni, fann hvað hún er góð og hve mikið skortir á þegar hana vantar. Því verður maður oft vitni að þegar erfiðleikar stöðja að.

En mig langaði að breyta til og koma mér í það sem ég hafði menntað mig til. Ég hafði vígst sem djákni í hjúkrnarheimilið Söltún þar sem ég vann í hálfri annað ár samhliða líknardeildinni. Þannig fór að ég tók að mér Vinaleið í Lágafellsskóla, þar sem Þórdís Ásgeirsdóttir djákni var að minnka við sig. Þar er ég í 25% vinnu sem djákni á vegum skólans. Síðan var mér boð-

id að taka að mér heimsóknarþjónustuna fyrir Lágafellssókn þegar Þórdís lét af því starfi í árslok 2007. Það telst 20% starf. Ég er einnig að vinna sem verktaki í Víðinesí. Þar er ég með viðveru einu sinni í viku og sinni útköllum geti ég komið því við.

Heimsóknarþjónusta á vegum kirkjunnar er bæði fyrir einstaklinga í heimahúsum og á stofnunum. Hún byggist á starfi sjálfboðaliða. Núna eru þrír virkir sjálfboðaliðar og sá fjórði er á hliðarlínunni, vill gjarnan tilheyra hópnum en er upptekinn við annað enn sem komið er. Hver sjálfboðaliði, heimsóknarvinur, er með einn heimsóknarþega og það er samkomulagsatriði milli hans og heimsóknarþegans hve þétt samskipti þeirra eru og hvað þeir gera saman.

En það vantar fleiri sjálfboðaliða. Ég er nýbúin að fá til liðs við okkur einn heimsóknarvin sem ég er mjög ánægð með og hef augastað á að minnsta kosti tveimur, sem mig langar að sverma fyrir. Sjálf heim-sæki ég þrjá einstaklinga í heimahús og viðvera mín hjá þeim er nálægt klukkutími hverju sinni. Síðan er ég á Eirhömrum og lít reglulega inn hjá fólki þar, misjafnlega þétt, frá vikulega upp í mánaðarlega. Ég er þar með þrenn hjón sem ég heimsæki og fjóra til fimm einstaklinga. Einu sinni í viku sest ég þar fram í setustofu. Þangað kemur fólk og við röbbum saman. Svo eru líka sveitungar á Eir sem ég kem til svona af og til, ekki alveg vikulega en á tveggja, þriggja vikna fresti.“

Hvað þurfa heimsóknarvinir að hafa til brunns að bera?

„Sjálfbóðaliði sem tekur að sér að heimsækja ókunnuga manneskju þarf að vera trygglyndur og heiðarlegur. Hann þarf að hafa kærleiksrikt hjarta, vera traustur og bera það með sér. Sjálfbóðaliði kirkjunnar kemur í nafni kristinnar kirkju. Hann kemur inn á heimilið sem gestur húsráðanda.

Þegar nýr heimsóknarvinur bætist í hópinn byrja ég á að fara með honum í heimsókn en síðan reyni ég að fylgjast með, bæði hjá heimsóknarvininum og heimsóknarþegnum. Mitt hlutverk er meðal annars að halda utan um sjálfbóðaliða kirkjunnar á einn eða annan veg.

Hver sem er getur óskað eftir heimsókn búi hann við þannig aðstæður. Það er líka hægt að benda á fólk sem þarf á

þessari þjónustu að halda. Vally, forstöðumaður heimilisins á Eirhömrum, er mjög mikilvægur tengill fyrir þá sem þurfa á svona þjónustu að halda. Hún hefur stundum spurt hvort heimsóknarþjónustan geti sinnt hinum og þessum einstaklingum sem leitað hafa ásjár hjá henni. Einnig er gott samband á milli kirkjunnar og félagsþjónustunnar, Rauða krossins og heilsugæslunnar.

Það er óskastaða að kirkjan fái fleiri sjálfbóðaliða og geti þannig virkjað þá til þessa göfuga starfs. Það er hlutverk kirkjunnar að vera lifandi samfélag sem leitast við að miðla kristnum gildum inn í sfbreytilegt samfélag okkar, ekki bara inn í kirkjunni sjálfri heldur úti í sófnuðunum.

Heimsóknarþegar í kirkjunni okkar eru núna eru 7 til 12 eftir skilgreiningum, hjón

þiggja heimsóknir saman. Karlar eru ívið fjölmennari í þessum hópi. Heimsóknarvinirnir núna eru allir konur en svo sannarlega vildi ég fá karla inn í þennan hóp líka og hef von um að það verði. Draumurinn væri að fá svo marga sjálfbóðaliða að heimsóknarþjónustunni að hægt væri að sinna öllum þeim sem þurfa á henni að halda í Mosfellsprestakalli. Ég vona bara að einhverjir sem lesa þetta finni hjá sér hvöt til að hafa samband við mig og bjóða fram starfskrafta sína. Ég leyfi mér að fullyrða að eftir því sér enginn.“

Þeir sem vilja sinna þessu kalli geta haft samband við Fjölu í síma 861 3565 eða sent henni póst á netfangið fjolaha@visir.is.

„Djúpar pælingar um líf og dauða“

Þeir hafa verið líflegir og skemmtilegir tímarnir sem við prestar og starfsfólk kirkjunnar höfum átt með fermingarbörnunum á þessum vetri sem fyrri ár.

Tilhögun fræðslunnar hefur verið með svoltið breyttu sniði frá því sem fyrir var. Reynt hefur verið að þjappa tímum meira saman, fá meiri samhangandi samveru og auka upplifunarpátt fræðslunnar.

Ferð með næturgistingu í Vatnaskóg á haustdögum var ein nýbreytmin og vel tókst til.

Prestar og starfsfólk safnaðarins setja í forgang að efla barna- og æskulýðsstarf í sókninni og hefur góðan stuðning sóknarnefndar Lágafellssóknar, sem hefur veitt fé í þessu tilviki sem öðru, svo allir geti tekið þátt án þess að greiða nokkuð fyrir eða algjörlega lágmarksupphæð.

Öllum börnum í átunda bekk beggja skóla var boðið að koma með í ferð fermingarbarna í Vatnaskóg og var þáttakan yfir 90%. Sem betur fer var flensan ekki mikið byrjuð að stinga sér niður.

Við viljum þakka þeim foreldrum sem sáu sér fært að fara með okkur og veita stuðning – það var dýrmætt, gott og skemmtilegt.

Starfsmaður skráði:



„Börnin voru lífleg og áhugasöm um staðinn, aðstöðuna og fermingarfræðsluna. Farið var í ýmskonar leiki þar sem fræðslu um hinn kristna trúararf var fléttað inn í. Á kvöldin voru svo kvöldvökur þar sem börnin sungu af hjartans lyst og léku á als oddi.“

Foreldri segir: „Ég átti þess kost í október s.l. að fara í ferð með fermingarbörnum í Vatnaskóg. Kannski var það af skyldurækni sem ég bauð mig fram en ferðin reyndist bæði lærdómsrík og

ánægjuleg. Samvera í einn og hálfan sólarhring við leik, skemmtun, fræðslu og flestar athafnir daglegs lífs krafðist virðingar fyrir öllum í hópnum, staðnum og reglum þar. Í Vatnaskógi gilda t.d. skýrar reglur í matsal sem staðarhaldari kynnti jafnóðum. Þær voru virtar af öllum. Þannig fannst mér dvölin æfing í að til-einka sér kristin gildi sem eiga að vera samofin lífinu því trúin er ekki eitt og lífið annað. Eftirminnilegast var þó að heyra spurningar krakkanna og vangaveltur í fræðslunni. Þetta voru djúpar pælingar um líf og dauða og allt þar á milli. Ég fór ósjálfrátt að rifja upp hvernig þetta var fyrir nokkrum áratugum þegar ég var sjálf í fermingarfræðslu. Ef ég man rétt held ég að krakkarnir núna séu mun opnari en við vorum og óragari að spyrja. Svona ferð fyrir fermingarbörn held ég verði þeim eftirminnileg og styrkur í að breyta samkvæmt þeim gildum sem trúin boðar.“

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir



Fimmtu Orgeljólin í Lágafellskirkju

Pegar Douglas Brotchie organisti flutti í Mosfellsbæ innleiddi hann þá hefð að halda tónleika í Lágafellskirkju á aðventunni og kallaði Orgeljól. Að þessu sinni verða Orgeljólin 17. desember kl. 20.

Þetta árið verða leikin verða nokkur fjölbreytt og litrík orgelstykki eftir Bach, meistara allra organista. Einnig verður spiluð – í fyrsta skipti hér á landi, að því að best er vitað – svíta af tónlistarköflum eftir Domenico Zipoli.

Með Douglassi verður Sigrún Jónsdóttir söngkona.

Aðgangur er ókeypis enda Orgeljól styrkt af menningarmálanefnd bæjarins.

Jólaljós Jónasar og kórsins

Kirkjukór Lágafellssóknar og Jónas Þórir organisti halda aðventutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 13. desember kr. 17.00. Efnisskráin er fjölbreytt og stjörnum prýdd. Auk kirkjukórsins koma fram: Karlakór Kjalnesinga ásamt Guðrúnu Gunnarsdóttur, Egill Ólafsson, Jóhann Friðgeir, Gissur Páll, Ólöf Sigr. Valsdóttir, Hanna Björk, Annar Sigr. Helgadóttir og hugsanlega fleiri. Hljómsveit undir stjórn Jónasar Þóris.

Aðgangseyrir rennur óskiptur til Mosfellinga í fjárhagslegum þrengingum.



Diddú og drengirnir á Mosfelli

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna eru sérstakur tónlistarviðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar og nú haldnir tólfða árið í röð. Á tónleikunum hafa frá upphafi verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir blásarsextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar.

Margir Mosfellingar auk annarra hafa áhrifst sótt litlu sveitakirkjuna í Mosfellsdal heim að þessu tilefni, enda eru tónleikarnir í Mosfellskirkju á jólaöstu orðnir ómissandi hluti af undirbúningi fyrir helgihald jóla.

Tónleikarnir verða nú haldnir þriðjudaginn 15. desember kl. 20.30 en miðasala hefst 1. desember í Þjónustuveri Mosfellsbæjar í Kjarna.

Fjölbreytt dagskrá á aðventukvöldi

Að vanda verður haldið aðventukvöld í Lágafellskirkju, nú sunnudaginn 6. desember kl. 20. Ræðumaður kvöldsins verður Bjarni Snæbjörn Jónsson en auk þess verða fjölbreytt tónlistaratriði að vanda. Ásamt Kirkjukór Lágafellssóknar kemur Skólakór Varmárskóla undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar og einsöngvararnir Ívar Helgason, Ólöf Sigríður Valsdóttir og Hanna Björk Guðjónsdóttir. Hljóðfæraleikur verður í höndum Jónasar Þóris og hljómsveitar hans.



Barnakór yngri deilda söng í Sólheimakirkju

Barnakór yngri deilda Lágafells- og Varmárskóla, sem er samstarfs- verkefni Kirkju og Listaskóla í Mosfellsbæ, söng í Allra heilagra messu í Sólheimakirkju hjá sr. Birgi Thomsen 1. nóvember s.l. Í messunni var tendraður ljósakross í minningu ástvina.

Börn úr 3. og 4. bekk fengu að gista í Veghúsum á Sólheimum þar sem haldin var fjörug kvöldvaka. Heimafólk tók hópnum opnum örmum. Á mánudeginum æfðu börnin í Sólheimakirkju, heimsóttu Sesselfuhús og bakaríið, fóru út í leiki og fylgdust með rjúpnafjölskyldu í kjarrinu og gullfiskum í tjörninni. Í hádeg- inu söng hópurinn fyrir vistmenn í mötuneyti safnaðarins. Eftir hádegi voru vinnustofur á Sólheimum heim- sóttar. Allir nutu sín mjög vel og söngurinn ómaði á vinnustofunum.



„Gríptu daginn“ - í kyrrð

Kyrrðarstund á aðventu í Mosfellskirkju

Íhugun - kyrrð - útivera

Í fallegu umhverfi og kirkju
í dal skáldanna, Mosfellsdal

Laugardaginn 5. og 12. desember kl. 9-11

Við hefjum stundina í morgunrökrinu með kristinni íhugun. Göngum síðan út í birtu dagsins og tökum stutta gönguferð í dalnum. Heitt kakó í lok samveru

Umsjón: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
og Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknaandídat

Allir velkomnir

Mosfellsprestakall

Sjá nánar á www.lagafellskirkja.is

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheim- ilinu á 3. hæð Símaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Gardarssonar er á 2. hæð. Síma- viðtalstími er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Far- sími: 823 8274, netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Skrifstofa Fjólu Haraldsdóttur djákna er á 2. hæð. Við- talstími er eftir samkomulagi. Farsími: 861 3565, net- fang fjolaha@visir.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtalstíma í safnaðarheim- ilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar fram- kvæmdastjóra er á annarri hæð. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:
Arndís Linn, farsími 866 8947, netfang: arndis.linn- @kirkjan.is.

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Síma- númer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

Helgihald í Mosfellsprestakalli

desember 2009 til mars 2010

6. des. 2. sd. í aðventu

Lágafell kl. 20.00

aðventukvöld

báðir prestarnir

ræðumaður: Bjarni Snæbjörn Jónsson

13. des. 3. sd. í aðventu

Lágafell kl. 11.00

jólastund barnastarfsins

sr. Skírni Garðarsson

kl. 14.00

skírnarguðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

17. des. fimmtud.

félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ

hátíðarsamvera á **Eirhömrum** kl. 14.30

báðir prestarnir

20. des. 4. sd. í aðventu

Lágafell kl. 11.00

Bænastund sr. Skírni Garðarsson

23. des. Þorláksmessa

Ellí-og hjúkrunarheimilið **Víðinesi** kl. 11.00

sr. Skírni Garðarsson

24. des. aðfangadagur

Lágafell

kl. 13.00

barnaguðsþjónusta

sr. Skírni Garðarsson

kl. 18.00

aftansöngur

sr. Skírni Garðarsson

einsöngur: Hanna Björk Guðjónsdóttir

kl. 23.30

miðnæturguðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

einsöngur: Jóhann Friðgeir Valdimarsson

25. des. jóladagur

Lágafell kl. 14.00

hátíðarguðsþjónusta

sr. Skírni Garðarsson

Diddú, Þorkell og dæturnar

Mosfell Kl. 16.00

hátíðarguðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Diddú, Þorkell og dæturnar

27. des.

Lágafell

skírnarguðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

31. des. Gamlárskvöld

Lágafell kl. 18.00

aftansöngur

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

3. janúar

Lágafell kl. 11.00

skírnarguðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

10. janúar

Lágafell kl. 11.00

útvarpsmessa

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

og sr. Kristín Tómasdóttir

17. janúar

Lágafell kl. 11.00

sr. Skírni Garðarsson

24. janúar

Lágafell kl. 20.00

Taize guðsþjónusta

sr. Skírni Garðarsson

31. janúar.

Mosfell kl. 11.00

sr. Skírni Garðarsson

7. febrúar

Lágafell kl. 11.00

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

14. febrúar

Lágafell kl. 11.00

sr. Skírni Garðarsson

21. febrúar

Lágafell kl. 20.00

Taize – guðsþjónusta

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

28. febrúar

Mosfell kl. 11.00

sr. Skírni Garðarsson

7. mars Æskulýðsdagurinn

nánar auglýst síðar

sr. Ragnheiður Jónsdóttir

14. mars

Lágafell kl. 11.00

guðsþjónusta

Reykjalundarkórinn syngur

sr. Skírni Garðarsson